



## Ársping Bandalags íslenskra græðara 2007

Haldið í sal iðnaðarmanna, Skipholti 70, Reykjavík, 29. maí 2007

### 1. Þingsetning

Formaður bandalagsins, Anna Birna Ragnarsdóttir, setti þingið kl. 18:20 og lýsti yfir að löglega væri til þess boðað.

### 2. Kosning þingforseta og þingritara

Þingforseti var kjörin Ragnheiður Guðnadóttir og þingritari kjörin Birna Imsland. Að því loknu kynntu fundarmenn sig.

### 3. Fundargerðir

Ásta M. Agnarsdóttir las fundargerð ársþings 2006 og var hún samþykkt einróma. Fundargerð aukabings vorið 2007 var ekki lesin þar sem þingmenn töldu sig hafa kynnt sér hana nægilega vel fyrir fundinn. Gjaldskrá fyrir skráningarkerfi græðara, sem var samþykkt á aukabinginu þann 26. febrúar, fylgdi ekki fundargerðinni til allra þingmanna þessa þings og var hún því lesin upp. Skv. henni er frumskráningargjald fyrir aðalfag kr. 5.000 og 1.500 fyrir hverja aukagrein. Þeir sem standa utan skráðs félags græðara greiði 10.000 kr. og 3.000. Sé aukagrein bætt við síðar kostar það kr. 1.500. Árlegt þjónustugjald fyrir aðalgrein verður allt að 2.500 kr., eða allt að 5.000 kr. utan félags. Endurskráningargjald, þ.e. fyrir græðara sem hefur verið afskráður en óskar eftir skráningu á ný: aðalgrein kr. 5.000 og aukagrein 1.500, en utan félags 10.000 og 3.000 kr. Gjaldddagi verður 15. apríl ár hvert með eindaga mánuði síðar. Gjaldskráin var auglýst í Lögbirtingablaðinu þann 4. apríl 2007.

Bylgja Matthíasdóttir gerði þá athugasemd við fundargerð aukabings vorið 2007 að þingið fór fram 26. febrúar en ekk 30. maí, eins og stendur fremst í fundargerðinni. Að því leiðréttu var fundargerðin samþykkt.

### 4. Skýrsla formanns

Anna Birna Ragnarsdóttir, flutti skýrslu formanns. Hún byrjaði á að óska okkur öllum til hamingju með þann áfanga sem náðst hefur, að skráningarkerfið skuli vera komið í gang. Þau aðildarfélög BÍG sem þegar eru komin á skrá eru Organon, Cranio, CSFÍ, SMFÍ, SSOVÍ, FÍHN og SFÍ. Þess er vænst að hin aðildarfélögin sækji einnig um. Frá 4. maí hafa verið skráðir 26 einstaklingar og hvatti Anna Birna viðstadda til að sækja um og sagði á léttu nótonum að það væri lágmark að formenn skráðra félaga séu skráðir græðarar.

Þann 4. maí var formönnum aðildarfélaganna sem höfðu fengið aðgang að skráningarkerfinu boðið í Heilbrigðisráðuneytið til fundar við þáverandi heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, og lögfræðingana Guðrúnu W. Jensdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur. Þar voru fyrstu skráningarskjölin sýnd og var þetta gert til að viðurkenna alla undangengna vinnu. Ráðuneytinu fannst líka mikilvægt að auglýsa að skráning væri hafin og fannst þetta besta leiðin. Ráðherrann og lögfræðingarnir lýstu mikilli ánægju með þetta.

Anna Birna lýsti umsóknarferlinu, sem er þannig að félagsmaður fyllir út eyðublað, staðfestingu á lögum, siðareglum og notkun heilsufarsskýrslu. Þetta sendir hann, ásamt ljósriti af prófskírteinum og viðurkenningu fyrir nám í líffæra-, lífeðlis- og sjúkdómafræði, til stjórnar síns aðildarfélags, sem fer yfir umsóknina og hefur samband til baka ef eitthvað er athugasvert eða gögn vantar. Eftir að stjórn samþykkir umsókn, sendir hún hana áfram til BÍG þar sem skráning fer fram. Ef græðari óskar eftir því sér BÍG um að hafa samband við tryggingafélag til að fá tryggingu, en græðara er algerlega frjálst að tryggja sig hvar sem er. Ef hann er þegar tryggður lætur hann staðfestingu á greiðslu tryggingar fylgja með umsókninni. Þegar BÍG hefur fengið staðfestingu á sjálfsábyrgðartryggingu er skráningin staðfest, birt á netinu og græðara sent skjal til staðfestingar skráningu. Anna Birna hvatti þingheim til að mæla með því við kollega sína að þeir létu skrá sig.

Fyrir 18 dögum var settur teljari á vefsíðu bandalagsins og hafa heimsóknir síðan þá verið 402, eða 22 á dag að meðaltali, en það er töluvert. Eitthvað er um hringingar þar sem spurt er hvar hægt sé að finna skráða græðara, sem þýðir að fólk er þegar orðið meðvitað um að til sé nokkuð sem heitir skráður græðari, og vísar Anna Birna þá á vefinn. Anna Birna lauk svo skýrslu sinni með því að þakka stjórn BÍG unnin störf.

Umræður um skýrslu formanns hófust á því að spurt var út í skráningarskírteinið, en sýnishorn var ekki til taks á fundinum. Spurt var um gjald fyrir starfsábyrgðartryggingu og Anna Birna sagði hagkvæmasta gjaldið vera hjá Verði, 8.000 kr. iðgjald á ári með 7 milljóna hámarksbætur á ári. Hún hafði heyrt í konu fyrir stuttu sem hafði talað við Sjóvá-Almennar sem settu upp 25.000 kr. iðgjald. Hún ítrekaði að tryggingin hjá Verði fengist eingöngu fyrir milligöngu bandalagsins.

Selma Júlíusdóttir bætti því við að aðildarfélögin gætu tekið að sér, ef þau vilja, að hafa milligöngu um hóptrýggingu, sem er annað en einkatrygging. Vilji fólk ekki vera í félagi fái það ekki skráningu nema vera tryggt. Hún lýsti áhuga á að taka það upp seinna að fólk geti fengið einstaklingstryggingu en ekki félagatryggingu og að gott gæti verið að félögin geti fengið tryggingu fyrir sína félaga sem ekki vilja vera skráðir græðarar.

Umræður sköpuðust um muninn á sjálfsábyrgðar-, starfsábyrgðar-, sjúklinga- og slysatryggingu, þar sem fólk vill ekki bara tryggja sjúklinginn fyrir mistökum við meðhöndlun, heldur líka slysum innandyra á vinnustaðnum. Það þarf að fá á hreint hvort og þá hvaða tryggingar eru bundnar vinnustaðnum og hverjar einstaklingnum sem er græðari, því sumir vinna bæði á stofu og sjálfstætt.

Spurt var fréttu af undanþágu fyrir græðara á innheimtu virðisaukaskatts. Formaður sagði starfsorku undanfarinna ára hafa farið í samskipti við Heilbrigðismálaráðuneytið, sem hefði ekkert með skattalög að gera. Nú væri kominn góður grunnur til að byggja á glímuna við “vaskmann”. Hún yrði unnin eins vel og hægt væri en gæti tekið langan tíma. Efasemdir komu fram um að nokkurn tíma fengist niðurfelling nema löggilding kæmi til, sbr. sjúkranuddara annars vegar og nuddara hins vegar. Anna Birna svaraði því til að Rolfarar, sem stunda heilðræna meðferð, hafi fengið niðurfellingu á virðisaukaskatti, en t.d. osteópatar séu löggilt stétt en hafi þó ekki fengið niðurfellingu. Skattstjóri hafi notað sömu rök við ákvörðun fyrir bæði þessi fög. Anna Birna hafi talað við lögfræðing hjá Ríkisskattstjóra sem hafi verið sammála því að öll rök mæltu með niðurfellingu. Þar sem geðþóttaáklarðanir séu teknar þurfi undirbúningur okkar að vera þeim mun vandaðari og samstaða að ríkja meðal okkar.

Að lokum skáluðu þingmenn fyrir frábærum árangri og hröpuðu ferfalt húrta.

Fundarstjóri las svo dagskrá þingsins en það gleymdist í upphafi.

## 5. Reikningar

Hanna Sigurðardóttir, féhirðir, lagði fram reikninga ársins 2006, endurskoðaða og áritaða af öðrum skoðunarmanni reikninga. Reikningarnir voru lagðir fram með fyrirvara um undirritun Hallfríðar Maríu Pálsdóttur.

Guðrún Jónína Sveinsdóttir óskaði bandalaginu til hamingju með að geta tekið þátt í sýningunni 3L expó fyrir jafn lága upphæð og raun ber vitni og voru svo reikningarnir samþykktir einróma með áðurnefndum fyrirvara.

## 6. Tillögur til lagabreytinga

Ekki bárust tillögur til lagabreytinga.

Gert hafði verið ráð fyrir tillögu um siðanefnd á þessu þingi, en hún hafði ekki borist. Stjórnin samþykkti á síðasta fundi sínum að öflug laganefnd skuli skipuð til að endurskoða lög og siðareglur. Ólafur Þór Jónsson sagði lögina á skjön við veruleikann og vill að þingmenn taki meiri þátt í starfinu, t.d. að vinna lögina, sem séu meira eins og hjá félagi en ekki bandalagi. Máli þessu var frestað til ársþings 2008.

## 7. Árgjald

Samþykkt var að árgjald verði áfram kr. 1.500 fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi.

## 8. Kosning formanns

Selma Júlíusdóttir lýsti þeirri skoðun sinni að það verði bundið lögum að tilkynnt sé um formannsframboð fyrirfram og Ólafur Þór Jónsson sagðist vilja að formaður sé kosinn úr stjórninni. Síðan var Anna Birna Ragnarsdóttir einróma kjörin formaður á ný.

## 9. Kosning skoðunarmanna reikninga

Hallfríður María Pálsdóttir, sem ekki sat þingið, var áfram kjörin skoðunarmaður reikninga, ásamt Höllu Matthildi Eiríksdóttur. Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir var kjörin varamaður.

## 10. Umsókn um aðild

Tveimur dögum fyrir þingið barst umsókn frá Nálástungufélagi Íslands um aðild að Bandalagi íslenskra græðara. Nokkrar umræður spunnust um breytingar á félagsskap nálástungufræðinga, en Acupunkturfélag Íslands var upphaflega aðili að bandalaginu, og skuldaði félagsgjöld, en félagið virðist liggja niðri, og kröfur um lágmarksmenntun sýnist meiri í Nálástungufélagi Íslands en voru í AFÍ. Bent var á að Ríkhartur Jósafatsson, sem fór fyrir AFÍ og nú NFÍ, hvatti á bandalagsþingi til sameiningar svæðameðferðarfélaganna tveggja og höfuðbeina- og spjaldhryggsfélaganna tveggja en nú virðist hann hafa tekið sér sæti handan við það sama borð. Spurt var hvort von væri á

að hinn fjölmenni hópur, sem útskrifaður er frá Skóla hinna fjögurra árstíða, en stendur utan við NFÍ, muni stofna annað félag sem sækir um inngöngu í BÍG. Anna Birna sagði að á sínum tíma hefði ítrekað verið reynt að ná sambandi við AFÍ en að lokum hafi borist tilkynning frá NFÍ um að þau óskuðu ekki eftir aðild. Ólafur Þór Jónsson bætti því við að þau hefðu farið úr BÍG á sínum tíma vegna þess að þau hafi ætlað að sækjast eftir löggildingu.

Í tengslum við þetta var spurt um form á skráningu einstaklinga sem standa utan fagfélags en sækjast eftir aðild sem græðari. Engum er úthýst en skráning er dýrari. Hugmynd kom um að líta til félagsins Útgarðs, sem er aðili að Bandalagi háskólamanna, og er e.k. “bland í poka” þeirra sem eiga ekki heima í öðrum félögum háskólamenntaðra.

Selma Júlíusdóttir áréttaði að í NFÍ væri gott fólk með góða menntun sem væri akkur í að hafa innan okkar vébanda og lagði til að innganga félagsins yrði samþykkt með fyrirvara um að mál þeirra yrði tekið fyrir í stjórn.

Þingmenn voru flestir á því að umsókn félagsins hefði borist með mjög skömmum fyrirvara og höfðu sumir ekki getað kynnt sér tilheyrandi gögn. Að lokum bar Ólafur upp dagskrártillögu um að þetta mál yrði tekið af dagskrá þessa þings vegna ónógs fyrirvara. 16 þingmenn af 27 samþykktu þessa tillögu.

## 11. NSK, regnhlífarsamtök græðara á Norðurlöndum

Anna Birna lýsti ánægju með að hafa setið fund NSK í Finnlandi 6.-9. október 2006, sérstaklega þar sem hún var fjarstödd þegar fundur var haldinn hérlendis á 5 ára afmæli BÍG árið 2005.

Að hennar sögn eru menn á hinum Norðurlöndunum verulega ánægðir með íslensku lögin um græðara og reglugerðina, finnst þau vel orðuð, og horfa til Íslands, því við erum eina landið þar sem lög, reglugerð og skráning hafa gengið fullkomlega upp. Í Noregi og Svíþjóð er græðurum gert afskaplega erfitt fyrir að starfa með alls kyns skattalögum og takmörkunum á meðferð. Skráning er farin af stað í Noregi og Danmörku en enn er stopp í Svíþjóð. Í Finnlandi er ekkert að gerast en græðarar reyna þar nú að ýta við yfirvöldum að semja lög og reglugerð. NSK mælti eindregið með því að Finnar tækju Ísland sér til fyrirmyndar þegar þar að kæmi.

Í apríl sl. hélt NSK fund í Bonn í Þýskalandi. Þangað fór enginn fulltrúi frá Íslandi, en þingmönnum hefur verið send fundargerð þess fundar og mælti Anna Birna með lestri hennar.

Hún sagði að tveir fundir væru haldnir árlega auk e.k. stjórnarfundar. Bandalagið hafi ákveðið að vegna kostnaðar myndi fulltrúi BÍG sækja aðalfundinn en ekki báða árlegu fundina. Starfið byggist mikið á lestri skýrslna í formi doðranta frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni og Evrópusambandinu. Hún óskaði eftir fulltrúa og varafulltrúa á fundi NSK, en í ljós kom að Sigrún Sigurðardóttir er varafulltrúi en Anne May Sæmundsdóttir, sem hefur verið fulltrúi, sá sér ekki fært að halda áfram vegna fjölskylduáðstæðna. Sigrún átti að taka við þegar Anne May hætti, en hún sagði að ekki hefði verið haft samband við sig síðan hún tók þátt í undirbúningi áður nefnds fundar hérlendis árið 2005.

Ólafur Þór sagði það algeran misskilning að stjórnin hafi samþykkt að fundur yrði sóttur einu sinni á ári, en Anna Birna sagði þetta ákvörðun frá því áður en hún tók sæti

í stjórninni. Ólafur taldi það eðlileg vinnubrögð að stjórnin skyldi samþykkja í hvert sinn sem einhver færir á fund.

Sigrún var spurð hvort hún hefði enn áhuga á að gerast fulltrúi okkar og hún sagði svo vera, hún hefði búið í Svíþjóð í 18 ár og talaði Norðurlandamál.

Önnu May var saknað á fundinum og lagt til að stjórnin kæmi á framfæri við hana sérstöku þakklæti fyrir það góða starf og þá miklu vinnu sem hún hefur lagt fram á þessum vettvangi.

## 12. Kosning fulltrúa til NSK

Sigrún Sigurðardóttir var kjörin aðalfulltrúi og Soffía Lára Karlsdóttir til vara.

## 13. Önnur mál

### Afsláttarkjör

Guðrún Jónína Sveinsdóttir og Helga Dröfn Jónsdóttir skýrðu frá því að mikil vinna væri fyrir stjórn FÍHN að afla félagsmanna afsláttarkjara, viðhalda þeim og koma á framfæri við félagsmenn. Þær kynntu þá nýjung að notað er Mastercad einkaklúbbskort með afslætti af ýmsum vörum og þjónustu sem nýtist fyrirtæki manns, manni sjálfum og fjölskyldunni. Félagið borgar 600 kr. auk virðisaukaskatts og sendir til félagsmanna. Á næsta ári verður hægt að setja félagsskírteini hinum megin á kortið. Þær lögðu til að notuð yrði sama hugmynd fyrir allt bandalagið eða sérhvert aðildarfélag.

### Rekstur bandalagsins

Spurt var hverjir starfi á skrifstofu félagsins, en það eru Anna Birna Ragnarsdóttir, Ásta M. Agnarsdóttir og Hanna Sigurðardóttir. Ólafur Þór sagðist ekki hafa fengið skjölin varðandi umsókn Nálástungufélagsins og velti fyrir sér hvort hann hafi vantað eitthvað fleira og sagði þetta óeðlileg vinnubrögð. Hann lýsti þeirri skoðun að þingfulltrúar eigi að fá fundargerðir stjórnar, til að vita hvað hefur verið samþykkt, því sem stjórnarmaður sé honum óheimilt að segja frá því sem fram fer nema það komi fram í fundargerð.

Soffía Lára Karlsdóttir hóf umræðu um umsóknir um styrki vegna funduferða erlendis. Hanna svaraði því til að alltaf hefði verið sótt um hjá Norræna húsinu og sl. 2 ár hefði borist styrkur að upphæð 30.000 kr. upp í kostnað við flugferðir og að í þriggung hafi verið sótt um styrk frá Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur en án árangurs. Ólafur lagði til að sótt um yrði hjá Norrænu ráðherranefndinni því þar væri von á meiri peningum.

### Heilsuhringurinn

Sigrún Sigurðardóttir minnti á að þegar NSK-þingið var haldið hér, hafi verið talað um að standa við bakið á Heilsuhringnum þar sem aðstandendur blaðsins séu farnir að reskjast og að hjá hverju félagi þyrftu menn að vera duglegir að senda inn greinar til að hjálpa þessu blaði að vera öflugt mál gagn fyrir okkur. Það er gefið út tvisvar á ári og skilafrestur er mánuði áður en blaðið kemur út. Ólafur upplýsti að ársáskrift kosti

1.800 kr., að blaðið hafi komið út í 28 ár og að nú eigi að gera það aðgengilegt fyrir blinda. Sigrún hvatti þingmenn til að gefa áskrift í jóla- og afmælisgjafir og Ólafur sagði alla græðara eiga að hafa blaðið á stofunni hjá sér. Lilja Oddsdóttir sagði bestu kynninguna þá að vera áskrifandi.

### 13. Þingslit

Ólafur Þór sagði þetta síðasta þing sem hann situr og þakkaði tvö yndisleg ár. Anna Birna töfraði fram tvo blómvendi og færði honum ásamt Ástu M. Agnarsdóttur sem einnig gengur úr stjórn. Hún þakkaði þeim samstarfið og allt sem þau hafa gefið af sér.

Ragnheiður fundarstjóri þakkaði að lokum Ólafi veittan fróðleik um fundarsköp. Hún þakkaði traust þingmanna og góðan fund og þakkaði stjórninni góð störf á liðnu ári. Þingi var slitið kl. 20:25.

Birna Imsland  
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir  
formaður

**Þingið sátu:**

Frá Aromatherapyfélagi Íslands, ATFÍ:

- Erla Vilborg Adolfsdóttir
- Guðrún Ragnarsdóttir
- Selma Júlíusdóttir

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhrygg sjafnara:

- Guðrún Garðarsdóttir
- Halla Matthildur Eiríksdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Ólafur Þór Jónsson
- Sigrún Sigurðardóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðbrandur Einarsson
- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- Guðrún Jónína Sveinsdóttir
- Helga Dröfn Jónsdóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Lilja Oddsdóttir
- Rannveig Björnsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Birna Imsland
- Bylgja Matthíasdóttir
- Dagný Elsa Einarisdóttir

Frá Shiatsufélagi Íslands, SFÍ:

- Soffía Lára Karlsdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Ásta M. Agnarsdóttir
- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Svana Kristinsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Hrafnhildur Sigurgísladóttir
- Inga Norðdahl
- Ragnheiður Júlíusdóttir